

## Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, NASDAQ OMX á Íslandi og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að bæta eftirfylgni fyrirtækja við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi hafa þessir aðilar undirritað samstarfssamning sem felur í sér að öllum fyrirtækjum gefst tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda.

Deloitte hf., sem Rannsóknarmiðstöðin hefur metið hæft til að annast óháð mat, hefur með höndum söfnun gagna, viðtöl við stjórnarmenn og skýrslugerð til Rannsóknarmiðstöðvarinnar, sem veitir endanlega staðfestingu á hvort fyrirtækið uppfyllir skilyrði þess að vera í hópi fyrirmyndarfyrirtækja í góðum stjórnarháttum.

### Hvað eru góðir stjórnarhættir?

Stjórnarhættir fyrirtækja byggja á sambandi milli stjórnenda félagsins, stjórnar, hluthafa og annarra hagsmunaaðila, einnig snúast stjórnarhættir fyrirtækja um skipulag, stefnumörkun, markmiðssetningu og skilgreindar leiðir að þeim, ásamt eftirfylgni og framkvæmd innan fyrirtækis.

Stjórnarhættir leggja grunn að fyrirkomulagi þar sem markmið eru sett fram og leiðir skilgreindar til að ná markmiðum ásamt því hvernig eftirliti og eftirfylgni er háttað í fyrirtækinu.

*OECD Principles of Corporate Governance 2004*

Við mat á fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum þarf að meta fimm meginþætti:

### Hlutverk stjórnar

Stjórn félags fer með málefni félagsins og ber meginábyrgð á rekstri þess, þar sem hún fer með æðsta vald félagsins á milli aðalfunda. Stjórn skal gæta hagsmuna allra hluthafa jafnt. Hún skal vera stefnumarkandi um framtíð félagsins og annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Við mat á hlutverki stjórnar þarf að svara áleitnum spurningum, eins og hvort stjórn hafi skilgreint hlutverk sitt og sett það fram með skriflegum hætti, þannig að það falli að góðum stjórnarháttum. Ef brotið er gegn lögbundnum skyldum stjórnarmanna getur það leitt til skaðabótaskyldu eða jafnvel refsiaþbyrgðar ef brotið er sérstaklega alvarlegs eðlis. Aðgerðir eða aðgerðaleyfi stjórnar geta því haft persónulegar afleiðingar fyrir stjórnarmanninn til framtíðar.

### Verkefni stjórnar

Verkefni stjórnar eru margbreytileg og eiga að taka mið af starfsreglum. Þegar verkefni stjórnar eru skoðuð verður að meta hvort þau séu í samræmi við hlutverk stjórnar og tilgang félagsins og hvort þeim sé forgangsraðað með skilvirkum hætti. Hvort upplýsingagjöf innan dýra og utan sé opin og markviss með skilgreindum verkefnum og hvernig árangursmati stjórnar og stjórnenda er háttað.

### Skipulag stjórnar

Skipulagi stjórnar þarf að vera þannig fyrirkomið að hún geti sinnt hlutverki sínu á skilvirkan máta. Við mat á skipulagi stjórnar þarf að taka tillit til þátta eins og skipulags stjórnarfundar, fundartíðni og að fyrir liggja dagskrá fyrir hvern fund.

- *Hvert er aðgengi stjórnar að upplýsingum til að hún geti sinnt starfsskyldum sínum?*
- *Hver veitir þessar upplýsingar?*
- *Skiptir stjórnin með sér verkum með skipun undirnefnda svo sem starfskjaranefndar og endurskoðunarnefndar?*
- *Eru hæfir aðilar tilnefndir í þær nefndir, starfa þær samkvæmt starfsreglum og miðla þær upplýsingum sínum til stjórnar á viðunandi hátt?*



### Starfshættir stjórnar

Margvíslegar skyldur eru settar á stjórnir svo sem staðfesting ársreiknings og eftirlit með innra eftirliti og fjárreiðum félags. Stjórn staðfestir fjárhagslega stöðu félagsins og vegna takmarkaðrar ábyrgðar hluthafa er mikil ábyrgð sem snýr að stjórnarmanni sjálfum. Mikilvægt er að stjórn hafi sett sér starfsáætlun, þar sem fjallað er um alla lögbundna og nauðsynlega þætti í starfsemi fyrirtækisins. Slíkar reglur þurfa að tryggja að stjórnin vinni eftir gildandi lögum og starfsreglum. Þar þarf að tryggja að stjórn sinni stefnumarkandi hlutverki sínu með eftirfylgni með settum markmiðum svo og eftirlitshlutverki sínu með mati á áhættustýringu og innra eftirliti og samskiptum við ytri og inni endurskoðendur. Tryggir stjórnin að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að virkni þess sé reglulega sannreynð? Hvernig er meðferð mála og viðskiptum við tengda og venslaða aðila háttað?

### Stjórnarmenn

Gerð er krafa um að menn hafi þekkingu, hæfi og getu til að sinna stjórnarstörfum. Góðir og ábyrgir stjórnarmenn geta orðið vanhæfir til að fjalla um ákveðin málefni, svo sem ef verið er að fjalla um mál sem þeir tengjast persónulega eða hafa hagsmuni af. Stjórnarmenn verða að meta hæfi sitt til umfjöllunar um ákveðin málefni til að forða því að þeir valdi sjálfum sér og félaginu tjóni. Hagsmunir og siðferði stjórnarmanna mega ekki verða til þess að ógna orðspori fyrirtækis. Gerð er krafa um að stjórnarmenn þekki helstu lagareglur sem félagið starfar samkvæmt, bæði almennum lagareglum og sértækum, svo sem vegna leyfisskyldrar starfsemi. Í vissum tilvikum eru til staðar auknar kröfu um hæfi stjórnarmanna, svo sem í fjármálafyrirtækjum.

### Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband við neðangreinda aðila ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

#### Nanna Huld Aradóttir

Líðsstjóri,  
Cand oecon, CIA  
Áhættuþjónusta Deloitte  
Sími: 861-5750  
nanna.aradottir@deloitte.is



#### Pétur Steinn Guðmundsson

Lögfræðingur, hdl.  
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte  
Sími: 693-1307  
petur.steinn.gudmundsson@deloitte.is



Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about) for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 170,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.